

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Seyðisfjarðar

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,17 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 15,19 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 116,00.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

#### 4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda eru við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

#### 5. gr.

Heimædagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 63 000,00.

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m<sup>3</sup> kr. 85,90.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við Fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðaða við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m<sup>3</sup>.

#### 6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

#### 7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 300,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

#### 8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## III. KAFLI

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 440, 28. september 1987.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. desember 1987.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Siglufjarðar.**

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

## 2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið